

Ár 1978, mánudaginn 24. júlí, var í málinu nr. 6/1978  
kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með kærðu, dags. 21. júní 1978,  
kærði Tryggvi Magnússon til Yfirfasteignamatsnefndar út af  
því, að árið 1978 hefðu verið lögð fasteignagjöld á húseign  
sína að Reyrhaga 19 á Selfossi. Styður hann kærðu sína þeim  
rökum, að samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga sé  
ekki heimilt að leggja fasteignaskatt á húsið eftir tilbúnu  
fasteignamati sveitarfélagsins.

Íbúðarhúsið að Reyrhaga 19 hafði ekki verið tekið í  
fasteignamat í byrjun árs 1978 og brast því lagaheimild til  
að leggja á það fasteignaskatt, sbr. lög nr. 8/1972 um tekju-  
stofna sveitarfélaga, 3. gr. 1., mgr. og reglugerð nr. 320/1972  
um fasteignaskatt, 13. gr.. Samkvæmt upplýsingum bæjarritarans  
á Selfossi hefur skattlagning íbúðarhússins og verið felld  
niður. Hins vegar var heimilt að leggja fasteignaskatt á lóð  
hússins.


Ekki er á valdsviði Yfirfasteignamatsnefndar að úrskurða  
um lögmati annarra fasteignagjalda en fasteignaskatts, sbr. lög  
nr. 8/1972, 4. gr. 3. mgr... Ber því að vísa kærurni frá að því leyti.

Ú r s k u r ð a r o r ð :


Óheimilt er að leggja fasteignaskatt árið 1978 á íbúðarhús  
á lóðinni nr. 19 við Reyrhaga á Selfossi. Kærðu út af álagningu  
annarra fasteignagjalda er vísað frá.



Gaukur Jörundsson.



Torfi Ásgeirsson.



Guðmundur K. Magnússon.